



## Fundargerð

Tilv. 1901112/2.10.1

Fundur: Grisjunarráð 1/2019.  
Dagsetning og tími: 16. janúar 2019, kl. 12.  
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður  
Mættir: Allir mættir  
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs

### Dagskrá:

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs dags. 5. desember 2018.
2. Grisjunarbeiðni Héraðssaksóknara dags. 4. desember 2018 – bókhaldsgögn þrotabúsins Pétursey ehf. (málsnr. 1812015).
3. Grisjunarbeiðni Hjúkrunarheimilisins Lundar dags. 3. desember 2018 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1812008).
4. Grisjunarbeiðni Ríkisskattstjóra dags. 5. desember 2018 – bókhaldsgögn þrotabúa (málsnr. 1812027).

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

### **1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs dags. 5. desember 2018.**

Fundargerð grisjunarráðs frá 5. desember 2018 samþykkt og undirrituð.

### **2. Grisjunarbeiðni Héraðssaksóknara dags. 4. desember 2018 – bókhaldsgögn þrotabúsins Pétursey ehf. (málsnr. 1812015).**

Beiðnin var samþykkt. Héraðssaksóknara er heimilt að eyða umbeðnum bókhaldsgögnum frá þrotabúinu Pétursey ehf. sem ná yfir tímabilið 2012-2013 sjö árum eftir að reikningsári lýkur. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi auk þess að vera skjöl lögaðila sem hefðu venjulega fengið skjölin aftur eftir rannsókn.

### **3. Grisjunarbeiðni Hjúkrunarheimilisins Lundar dags. 3. desember 2018 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1812008).**

Beiðnin var samþykkt. Hjúkrunarheimilinu Lundi er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds sem ná yfir tímabilið 1978 til dagsins í dag sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því



skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

**4. Grisjunarbeiðni Ríkisskattstjóra dags. 5. desember 2018 – bókhaldsgögn þrotabúa (málsnr. 1812027).**

Beiðnin var samþykkt. Ríkisskattstjóra er heimilt að eyða umbeðnum bókhaldsgögnum frá þrotabúum sem ná yfir tímabilið 1986 til dagsins í dag sjö árum eftir að reikningsári lýkur. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi auk þess að vera skjöl lögaðila sem hefðu venjulega fengið skjölin aftur eftir rannsókn.

Fundi slitið kl. 12:43